

Nd.

439. Frumvarp til laga

[104. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist ný málsg.:  
Þegar byggingarstyrkur ríkissjóðs til sjúkrahúss er ákveðinn, skal miða styrkinn við eðlilegan kostnað af að reisa sjálfa bygginguna með öllu múr- og naglföstu og við lagfæringu á lóð. Með múr- og naglföstu skal telja öll meiri háttar eldunartæki og matreiðsluvélar, sem notast eiga til frambúðar í eldhúsi, meiri háttar þvottavélar í þvottahúsi, svo og, þegar um er að ræða 20 rúma sjúkrahús og stærri, aðalröntgentæki, enda sé búnaður þess við hæfi sjúkrahússins. Styrkur ríkissjóðs til kaupa á tækjum samkvæmt þessari málsgrein skal þó ekki nema meiru en  $\frac{2}{5}$  hlutum af kostnaðarverði tækjanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra einnig ná til sjúkrahúsa, sem tekin hafa verið í notkun síðan 1. janúar árið 1952.